



Alþingi  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

4.12. 2006

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 97/1987 um vörugjald, lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt og lögum nr. 96/1995 um gjald af áfengi og tóbaki, þingmál 416.**

Frumvarpið er í samræmi við tillögur ríkisstjórnarinnar frá 9. október 2006 um aðgerðir til að lækka matvælaverð o.fl. og felur í sér eftirfarandi breytingar á álagningu virðisaukaskatts og vörugjalda:

- Vörugjöld af matvælum, öðrum en sykri og sætindum, verða felld niður að fullu 1. mars 2007.
- Virðisaukaskattur af matvælum verður lækkaður úr 14% í 7% frá 1. mars 2007.
- Virðisaukaskattur af annarri þjónustu og vörum í 14% þrepi (bækur, tímarit, blöð, afnotagjöldum útvarpsstöðva, húshitun, hótलगisting) verður lækkaður í 7%.
- Virðisaukaskattur af öðrum matvælum sem hefur verið 24,5% verður lækkaður í 7% frá sama tíma.
- Virðisaukaskattur af veitingaþjónustu verður lækkaður úr 24,5% í 7% frá sama tíma.
- Virðisaukaskattur af geisladiskum, hljómplötum og segulböndum með tónlist verði 7%.

Í greinargerð með frumvarpinu er hvorki lagt mat á kostnað ríkissjóðs af einstökum breytingum né áhrif þeirra á verðlag. Í umsögn fjármálaráðuneytis, sem fylgir frumvarpinu, kemur þó fram að á árinu 2007 lækki tekjur ríkissjóðs af vörugjöldum um 465 m.kr. og tekjur af virðisaukaskatti um 12.000 m.kr. Á móti kemur hækkun áfengisgjalds um 3.700 m.kr. Heildarlækkun ríkissjóðstekna á árinu 2007 er þannig áætluð 8.765 m.kr., og á heilsársgrundvelli nemur tekjulækkunin rúmlega 10.500 m.kr. Fjármálaráðuneytið áætlað að lækkun vörugjalda og virðisaukaskatts lækki vísitölu neysluverðs um 1,5%, en til samanburðar voru áhrif þessara lækkana talin lækka verðlag um 2,7%, en í þeirri tölu var að vísu lagt mat á áhrif af lækkun innflutningstolla á tiltekna kjötvörur, sem enn hefur ekki verið ákveðin. Þarna skeikar miklu og er brýnt að stjórnvöld láti frá sér fara nákvæmara mat á áætluðum áhrifum skattalækkana á vöruverð í heild annars vegar og á matvælalið vísitölu neysluverðs hins vegar, þegar ákvörðun um tollalækkunir liggja fyrir, sem vonandi er ekki langt að bíða.

Samtök atvinnulífsins fagna því skrefi sem tekið er í niðurfellingu vörugjalda og áformum um að skattleggja öll matvæli í sama þrepi. Þá er sérstök ástæða til þess að fagna einföldun og lækkun skatta á ferðaþjónustu sem mun styrkja stöðu greinarinnar. Öll þessi atriði hafa verið áherslumál Samtaka atvinnulífsins og aðildarsamtaka þeirra og er óhætt að fullyrða að



skattkerfið verði betra en áður eftir þessar breytingar. Skattkerfið yrði þó enn betra ef vörugjöld yrðu felld niður af öllum matvælum.

Frumvarp þetta á sér m.a. rætur í skýrslu formanns matvæleverðlagsnefndar, en SA áttu þar fulltrúa. Þrátt fyrir að nefndin sem slík skilaði ekki álit, vegna mismunandi hugmynda innan nefndarinnar um landbúnaðartolla, var samstaða innan hennar um marga þætti og þ.á.m. um afnám vörugjalda á öll matvæli. Fylgismenn þessa forms skattheimtu eru vandfundnir, ef þeir eru þá nokkrir. Í skýrslunni eru færð þung rök fyrir afnámi vörugjalda á öll matvæli, þ.m.t. þau sem innihalda sykurlu og sætuefni. Það eru mikil vonbrigði að skrefið sé ekki tekið til fulls og vörugjaldi sé aflétt af öllum matvörum, því ljóst er að á næstu árum þarf að afnema þennan skatt með öllu. Vörugjaldskerfið er úrelt, þunglamalegt, handahófskennt og skekkir samkeppnisstöðu. Samtökin skora því á Alþingi að breyta frumvarpinu þannig að vörugjöld verði felld niður af sælgæti í 17. kafla tollskrár og súkkulaði og öðrum matvælum sem innihalda kakó í 18. kafla tollskrár.

Í umfjöllun málsins hefur komið fram að áætlaðar tekjur af hækkun áfengisgjalds verði meiri en tekjutap ríkissjóðs af lækkun virðisaukaskatts á áfenga drykki, þrátt fyrir það yfirlýsta markmið í greinargerð frumvarpsins að ríkissjóður eigi ekki að hagnast af breytingunni. Þá verða miklar breytingar á hlutfallsverðum milli áfengistegunda við það að auka hlutdeild skatta í fastri krónutölu á kostnað hlutfallslegrar álagningar, þ.e. ódýrari tegundir hækka en dýrari lækka. Samtökin treysta því að of mikil hækkun gjaldsins verði lagfærð í meðförum málsins og leggja jafnframt til að það verði athugað hvort áfengisgjald geti ekki framvegis verið samsett af fastri krónutölu og hlutfallslegri álagningu.

Virðingarfyllt,

Hannes G. Sigurðsson,  
aðstoðarframkvæmdastjóri